

**Fundur haldinn í Menningarráði Norðurlands vestra,
á Blönduósi, miðvikudaginn 23. mars 2011, kl. 15.00**

Mætt voru: Björg Baldursdóttir formaður, Bjarni Jónsson, Guðný Kjartansdóttir, Þóra Sverrisdóttir, Ragnar Smári Helgason og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi.

Formaður setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Nýr menningarsamningur

Farið var yfir stöðu mála varðandi nýjan menningarsamning. Fram kom að stefnt er að undirritun sammingsins í apríl en endanleg dagsetning er ekki komin. Skv. fjárlögum fyrir árið 2011 og sammingsdrögum er töluverður niðurskurður á fjárframlögum til sammingsins.

2. Úthlutun menningarstyrkja

Fyrri umsóknarfrestur ársins 2011 rann út 15. mars sl. Alls bárust 88 umsóknir og hafa þær aldrei verið fleiri. Farið var stuttlega yfir þær umsóknir sem borist höfðu. Ákveðið var að næsti fundur ráðsins verði 14. apríl nk. og að þar verði tekin ákvörðun um úthlutun menningarstyrkja. Þá var ákveðið að stefna að úthlutunarhátíð 28. apríl nk. á Blönduósi.

3. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2011

Lögð voru fram drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2011. Drögin eru með fyrirvara um undirritun menningarsammings og endanlegt framlag ríkis og sveitarfélaga fyrir þetta ár. Menningarráð samþykkti drögin.

4. Stefna sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um sameiginlegt starf að menningarmálum.

Árið 2005 samþykkti ársþing SSNV sameiginlega menningarstefnu fyrir Norðurland vestra. Menningarráð fór yfir menningarstefnuna og taldi þörf á endurskoðun hennar en ákvörðun um framkvæmd endurskoðunarinnar var frestað til næsta fundar.

5. Ráðningarsamningur menningarfulltrúa

Fyrir fundinum lá breyting á ráðningarsamningi menningarfulltrúa á þann veg að hann verði í 60% starfi fyrir menningarráð og 40% starfi fyrir SSNV atvinnuþróun frá með 1. apríl nk. Menningarráð samþykkti breytinguna fyrir sitt leyti.

6. Önnur mál

a) Í upphafi fundar kynnti Aðalbjörg Ingvarsdóttir, fyrrverandi skólástýra Kvennaskólans á Blönduósi, þær framkvæmdir sem Vinir Kvennaskólans á Blönduósi hafa staðið fyrir til þess að minnast starfsemi Kvennaskólans 1879-1978 en ráðið hefur veitt styrki til þeirra framkvæmda. Gengu fundarmenn um húsið í fylgd Aðalbjargar og fræddust um verkefnið.

- b) Umræða var um nokkur verkefni sem hafa fengið styrk frá ráðinu á undanförunum árum þar sem framkvæmd verkefnanna hefur dregist verulega. Ráðið telur að almennt skuli miða við það að verkefnum sé lokið innan við ár frá úthlutun styrks, sbr. úthlutunarreglur. Tefjist hins vegar verkefni af óviðráðanlegum orsökum skal viðkomandi aðili annað hvort sækja um frestun til ráðsins eða þá skila styrknum og sækja um aftur ef og þegar hann er tilbúinn til að vinna að verkefninu.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 18.00.
Ingibergur Guðmundsson

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.